

# Fljótið og hringurinn

## „listin í náttúrunni“

Fljótið og hringurinn er heiti yfir vinnubúðir og listasýningu sem Ólöf Björk Bragadóttir, bæjarlistamaður Fljótsdalshéraðs stóð yfir 1.–19. október 2009. Útgangspunktur verkefnisins var Lagarfljótið og Fljótsdalshringurinn, litaspil Fljótsins og hljómur, lífríki, skógurinn, gróðurinn, mannvirki, fólkið og menningin.

Lóa kallaði til liðs við sig hóp nokkurra listamanna úr ýmsum áttum sem unnu saman að listsköpun á Eiðum í rúma viku og afrakstur vinnubúðanna var svo sýndur í sérstakri hringferð sem farin var, Fljótsdalshringinn í lokin. Verk listamanna sem tóku þátt í þessu skemmtilega ævintýri voru af ólíkum toga en þau voru öll með sínar áherslur í listsköpun sinni. Ferðin hófst við Sláturhúsið á Egilsstöðum sunnudaginn 18. október 2009. Staldrað var við á vel völdum stöðum hvers listamanns og verki þeirra notið. Fyrst var farið að Þórsnesi og verkið Tengsl, „Þú ert hér“ eftir Yst skoðað. Þá næst lá leiðin norður yfir Fljót þar sem Sandra Mjöll sýndi verk sitt, Átthagafjötra við æskuheimili sitt. Þriðja upptákoman var við Húsatanga þar sem gestir nutu ljóða Sigurðar Ingólfssonar með tónverki Einars Braga en verk þeirra var til-einkað Hákonni Aðalsteinssyni. Þar skáluðu gestir undir röskri stjórn Kídda, fyrir skáldinu góða. Því næst leiddi hollenska



listakonan Myriam Borst gestina að teikningu sinni á söndum Lagarljótsins en þar mátti greina ferðir Lagarfljótsormsins í sandinum ef vel var að gáð. Í verki Kristínar Hlíðkvist var unnið með með frumkraftana fjóra; jörð, vatn, loft og eld. Þessum krafti var síðan sleppt út í Fljótið með aðstoð gestanna. Þá var boðið upp á Lerkisveppasúpu á Hallormsstað áður en haldið var áfram förinni og Íris Lind sýndi gjörning sinn, Gísli Eiríkur og Helgi. Ausið var úr Bónuspokum í leka bastkörfu rétt eins og ríkisstjórnin fór með auðlindir landsins undir virkjanir fyrir erlend stórfyrirtæki. Gréta Ósk Sigurðardóttir tók svo við og fékk gesti í lið með sér við að hreingera Lagarfljótið. Fólki gafst svo kostur á að rita á steinana sem þrífir voru, tilfinningar sínar gagnvart Fljótinu eftir að virkjað var og óljóst um áhrif virkjunar á Fljótið. Að því loknu hélt hópurinn áfram ferðalaginu með viðkomu á Eiðum þar sem Charles Ross, Matti Saarinen og Sunna Celeste Ross stóðu fyrir áhugaverðum listgjörningi, Tal, þar sem þau léku listir sínar á og með plöntum skógarins umhverfis Húsatjörn. Á Eiðum sýndi norskur listamaðurinn Asle Lauvland Pettersen, fólki svo innsetningu sína sem samanstóð af ljósmyndaseríu af landslagsmyndum í eigu íbúa umhverfis Lagarfljótið sem hann hafði heimsótt. Hringferðinni lauk svo við Sláturhúsið en þar voru til sýnis videóverk Kristínar Scheving, Paralleles, og verk Lóu, Hringurinn sem unnið var úr lerkni úr skóginum tileinkuðum öllum þáttakendum verkefnisins. Lóa og Kristín sýndu báðar verk sín í Frystiklefa Sláturhússins. Yfir hundrað manns tóku þátt í þessum viðburði og Ferðaskrifstofa Tanna Travel sá gestum fyrir rútum. Ljósmyndari verkefnisins var Þórdís Erla Ágústsdóttir en einn gestanna Skarphéðinn Þórisson, tók einnig myndir. Daginn eftir ferðalagið settu listamennirnir svo upp sýningu í Sláturhúsinu á Egilsstöðum sem stóð yfir í þrjár vikur. Þar voru öll verkin sýnileg á skjám, með innsetningum eða á ljósmyndum.

Þeir sem studdu við verkefnið voru Menningarráð Austurlands, Menningarnefnd Fljótsdalshéraðs, Menningarráð Vesterålen, Sláturhúsið, Eiðar, Skógræktin á Hallormsstað, Ferðaskrifstofa Tanna Travel og ýmsir fleiri aðilar.

*Ólöf Björk Bragadóttir*  
Myndlistarmaður og listrænn stjórnandi verkefnisins.